## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Heiða (46).** Teiknimyndaflokkur, byggður á skáldsögu Jóhönnu Spyri. Þýðandi Rannveig Tryggvadóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.15 **Þytur í laufi** (Wind in the Willows). Breskur brúðumyndaflokkur, framhald fyrri flokka um Móla moldvörpu, Fúsa frosk og félaga þeirra. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir. Sögumaður Árni Pétur Guðjónsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Hver á að ráða?** (Who's the Boss?). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
19.20 **Ambátt (6)** (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Úr fylgsnum fortíðar.** 3. þáttur – Drykkjarhorn. Litið inn á Þjóðminjasafnið undir leiðsögn Þórs Magnússonar þjóðminjavarðar.
20.45 **Fremstur í flokki.** Lokaþáttur. Breskur framhaldsmyndaflokkur í tíu þáttum. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
21.35 **Íþróttir.** Ingólfur Hannesson stiklar á stóru í heimi íþróttanna hérlendis og erlendis.
22.05 **Draumaveröld** (The Sea Gypsie). Bresk verðlaunamynd þar sem sýnd er m. a. fegurð Alpafjalla á ýmsum árstímum og undraheimur neðansjávar í Rauðahafinu.
22.30 **Léttari fæðing** (Bedre födsel). Fæðingar á nútímafæðingarstofnunum með sínum fullkomna tækjabúnaði hafa ekki komið í stað fæðinga í heimahúsum og ekki eru allar konur sáttar við umhverfið innan veggja sjúkrahúsa og vilja frekar fæða börn sín heima. Þýðandi Jón O. Edwald (Nordvision – Norska sjónvarpið).
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Með Beggu frænku.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi.
19.00 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Brakúla greifi.** Count Duckula. Bráðfyndin teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.
20.30 **Það kemur í ljós** Umsjón: Helgi Pétursson.
21.00 **Af bæ í borg.** Perfect Strangers. Gamanmyndaflokkur um frændurna Larry og Balki og bráðskemmtilegt lífsmynstur þeirra.
21.30 **Flóttinn frá Sobibor** Escape from Sobibor. Stórmynd sem byggð er á sannsögulegum atburðum. Hér greinir frá flótta nærri þrjú hundruð gyðinga úr útrýmingarbúðum nasista í seinni heimsstyrjöldinni. Nasistar reistu útrýmingarbúðirnar Sobibor í austurhluta Póllands en þar voru framin ein mestu fjöldamorð á gyðingum í Evrópu sem sögur fara af. Aðalhlutverk: Alan Arkin, Joanna Pacula og Rutger Hauer. Leikstjóri: Jack Gold.
00.00 **Götur ofbeldisins.** Violent Streets. Eftir 11 ára fangelsisveru ákveður Frank að byrja nýtt og glæsilegt líf. Til þess þarf hann fjármuni og fljótlegasta leiðin til að afla þeirra er með ránum. Aðalhlutverk: James Caan, Tuesday Weld, Willie Nelson, James Belushi, Robert Prosky og Tom Sidnorelli.
2.00 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, Ingólfur Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Randveri Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið út forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Tilkynningar laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30 og 9.00. Sigurður G. Tómasson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – „Sumar í sveit" eftir Jennu og Hreiðar Stefánsson. Þórunn Hjartardóttir lýkur lestrinum.
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Staldraðu við!** Einar Kristjánsson sér um neytendaþátt.
9.40 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Pálmi Matthíasson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Kynntur tónlistarmaður vikunnar: Úlrik Ólason kórstjóri. Umsjón: Leifur Þórarinsson
11.53 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Svefn. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Brotið úr töfraspeglinum" eftir Sigrid Undset. Arnheiður Sigurðardóttir þýddi. Þórunn Magnea Magnúsdóttir les (12.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Miðdegislögun.** – Snorri Guðvarðarson. (Frá Akureyri)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Spjall á vordegi.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Áður útvarpað 2. apríl sl.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Meðal efnis er bók vikunnar, spurning dagsins og óskalög hlustenda. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Schubert, Schumann og Liszt.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni.
18.20 **Staldraðu við!** Einar Kristjánsson sér um neytendaþátt.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Sigurður G. Tómasson flytur.
19.37 **Kviksjá.** Þáttur um menningarmál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – „Sumar í sveit" eftir Jennu og Hreiðar Stefánsson. Þórunn Hjartardóttir lýkur lestrinum.
20.15 **Úr tónkverinu** – Óperan. Þýddir og endursagðir þættir frá þýska útvarpinu í Köln. 12. þáttur af 13. Umsjón: Jón Örn Marinósson.
20.30 **Frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói** – Fyrri hluti. Stjórnandi: Páll P. Pálsson. Einleikari: Halldór Haraldsson. - „Punktar" eftir Magnús Blöndal Jóhannsson. – Píanókonsert nr. 5 eftir Ludwig van Beethoven. Kynnir: Jón Múli Árnason.
21.30 **„Faðmlag dauðans".** Smásagnadagskrá byggð á verkum Halldóru B. Björnsson. Lesari og umsjónarmaður: Gyða Ragnarsdóttir.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Sérvitringurinn Sherlock.** Umsjón: Helga Guðrún Jónasdóttir.
23.10 **Frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói** – Síðari hluti.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir.
1.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2
FM 90,1

1.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni líðandi stundar. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. – Afmæliskveðjur kl. 10.30 og fimmtudagsgetraunin.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14. – Hvað er í bíó? – Ólafur H. Torfason. – Fimmtudagsgetraunin endurtekin.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.00 **Hátt og snjallt.** Enskukennsla á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Ellefti þáttur endurtekinn frá þriðjudegi.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** „Ertu aumingi maður?" Leikgerð Vernharðar Linnet á sögu eftir Dennis Jürgensen.
21.30 **Hátt og snjallt.** Enskukennsla á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Tólfti og lokaþáttur. (Einnig útvarpað nk. þriðjudagskvöld kl 20.00.)
22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
1.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. **Ómar Valdimarsson** stýrir umræðunum.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót Útvarp FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
11.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur E.
12.30 **Rótartónar.**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Hanagal.** Félag áhugafólks um franska tungu. E.
15.00 **Alþýðubandalagið. E.**
15.30 **Við og umhverfið.** Dagskrárhópur um umhverfismál. E.
16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
17.00 **Breytt viðhorf.** Sjálfsbjörg, landsamband fatlaðra.
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Opið.** Guðlaugur Harðarson.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Íris.
21.00 **Í eldri kantinum.** Tónlistarþáttur í umsjá Jóhönnu og Jóns Samúels.
21.30 **Hljómplötuþátturinn** hans Alexanders.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MR.**
14.00 **MR.**
16.00 **FÁ.**
18.00 **MH.**
20.00 **FB.**
22.00 **FG.**
24.00 **MH.**
02.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM·102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
21.00 **Biblíulestur.** Leiðbeinandi: Gunnar Þorsteinsson.
21.45 **Miracle.**
22.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Fimmtudagsumræðan.** Umræðuþáttur um þau mál sem efst eru á baugi í Firðinum hverju sinni.

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur**
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
12.00 **General Hospital.** Sápuópera.
13.00 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.00 **Loving.**
14.30 **Family Affair.** Gamanþáttur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Skemmtiþáttur.
18.00 **Sale Of The Century.**
18.30 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
19.30 **The Streets Of San Francisco.** Sakamálaþáttur.
20.30 **The Paper Chase.**
21.30 **Jameson Tonight.**
22.30 **Police Story.**

## EUROSPORT

16.00 **Íþróttakynning Eurosport.**
17.00 **Mobil Motor Sport News.** Fréttir og fleira úr kappakstурkeppnum.
17.30 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
19.00 **Lyftingar.** The World Cup.
21.00 **Ástralski fótboltinn.**
23.00 **Íþróttakynning Eurosport.**



Alan Arkin leikur forsprakka flóttamannanna í myndinni Flóttinn frá Sobibor.

### Stöð 2 kl. 21.30:

# Flóttinn frá Sobibor

Í dauðabúðunum í Sobibor, sem voru í austurhluta Póllands, gerðist það 14. október 1943 að fangar gerðu uppreisn, drápu verði sína og áður en lauk hafði yfir 300 hundruð föngum tekist að forða sér. Þetta var fjölmennasti flótti úr fangabúðum í seinni heimsstyrjöldinni.

Flóttinn frá Sobibor fjallar um þetta atvik og í byrjun eru sýnd atriði þegar lestir fullar af fólki af gyðingaættum eru fluttar til fangabúðanna. Þar ræður ríkjum grimmur SS foringi, Gustav Wagner, sem sendir langflesta beint í gasofnana. Þeir sem ekki eru drepnir strax eru settir í erfiðisvinnu sem að lokum dregur þá til dauða. Meðal fanganna sem lifa eru uppi raddir um að gera uppreisn. Eins og Leon Feldhandler, sem er foringi fanganna, orðar það við aðra: Mesta hefnd sem þeir geta gert nasistum er að flýja og lifa . . .

Úrvalsleikarar fara með aðalhlutverkin í þessari kvikmynd sem gerð er fyrir sjónvarp. Alan Arkin leikur Feldman. Þá má nefna Rutger Hauer og Joanna Pacula er einnig leika fanga. Leikstjóri er Jack Gold. -HK

### Stöð 2 kl. 17.30:

# Með Beggu frænku

Nú er afi komin í sumarfrí. Sjálfsagt eiga börnin eftir að sakna hans. Gleði sína taka þau vafalaust fljótlega því Begga frænka hans hefur tekið við af honum.

Þættirnir með Beggu eru frumsýndir á laugardagsmorgnum og endursýndir á fimmtudögum svo enginn ætti að missa neitt úr.

Í heild eru þættirnir með líku sniði og hjá afa, teiknimyndir og brúðumyndir ásamt fleira góðgæti. Svo má ekki gleyma því að Begga er hinn mesti heimshornaflakkari og hefur á ferðum sínum víða komið og er með í farangrinum stóra og mikla kistu sem hún leyfir börnunum að gægjast ofan í.



Að sjálfsögðu eiga brúðurnar brúðubíl.

### Sjónvarp kl. 18.15:

# Þytur í laufi

Þytur í laufi (Wind In the Willow) er breskur brúðumyndaflokkur sem ætlaður er yngstu áhorfendunum. Þættirnir eru byggðir á þekktri barnasögu sem kom fyrst út 1908. Aðalpersónurnar eru fjórar og eru þær úr dýraríkinu, um leið eru þær herramenn í hegðun. Tónlist skipar stóran sess í þáttunum sem eru þrettán að tölu.

Persónur þessar hafa verið í uppáhaldi hjá börnum í langan tíma og hefur bókin verið prentuð í milljónum eintaka. Sjónvarpsþættirnir hafa fengið mikið lof gagnrýnenda og þykja með eindæmum vel heppnað sjónvarpsefni fyrir börn.